

## Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS151155

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 13. nóvember 2015, skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dags. 13. nóvember 2015 og endanlegum skilmálum dags 23. maí 2019. Fyrirgreind skjöl má nálgast á starfsstöð útgefanda og á vefsíðu hans, sem er: [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is)

<b>Útgefandi</b>	Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
<b>Ábyrgð útgefanda</b>	Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétt háar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.
<b>Auðkenni</b>	LSS151155.
<b>ISIN númer</b>	IS0000026383.
<b>Tilgreind mynt</b>	ISK.
<b>Nafnverð seldra bréfa</b>	ISK 330.000.000.
<b>Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð)</b>	[Á ekki við]
<b>Áður útgefið</b>	ISK 20.644.000.000.
<b>Stærð flokks skv. núgildandi heimild</b>	ISK 35.000.000.000 að nafnvirði.
<b>Dagaregla</b>	30E/360.
<b>Nafnverðseiningar</b>	ISK 1.
<b>Útgáfudagur</b>	23. maí 2019
<b>Fyrsti vaxtadagur</b>	15. nóvember 2015.
<b>Tegund bréfs</b>	Verðtryggðar jafnar afborganir.
<b>Vextir</b>	2,50% fastir verðtryggðir ársvextir.
<b>Tíðni afborganna og vaxta</b>	Tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember ár hvert.
<b>Fyrsta vaxtagreiðsla</b>	15. maí 2016.
<b>Fyrsta afborgun höfuðstóls</b>	15. nóvember 2020.
<b>Fjöldi vaxtagreiðslna</b>	80.
<b>Fjöldi afborgana</b>	71.
<b>Lokagjalddagi</b>	15. nóvember 2055.

<b>Verðtrygging og grunnvísitala</b>	Skuldabréf þetta er bundið dagvísitölu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 430,74 (VNV 15. nóvember 2015).
<b>Ávöxtun á söludegi</b>	Ávöxtunarkrafa dags 22. maí 2019 var 1,82% og sölugengi 119,817217 .
<b>Útreikningur ávöxtunar</b>	Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins til lokagjalddaga sé jafnt söluverðinu (ávöxtunarkrafa til lokagjalddaga).
<b>Taka til viðskipta</b>	Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð 330.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 24. maí 2019.
<b>Uppgreiðsluheimild</b>	Útgefanda er eingöngu heimilt á uppgreiðsludögum að greiða upp (innkalla), gegn uppgreiðsluálagi, þá fjárhæð sem lántakendur LS hafa greitt upp af útlánum tilkomnum af fjármögnun þessa útlánaflokks. (undir eftirliti innri endurskoðenda LS).
<b>Uppgreiðsludagar</b>	15. nóvember 2035 og 15. nóvember 2045.
<b>Uppgreiðsluálag</b>	Uppgreiðsluálag 15. nóvember 2035 er 2,0% af fjárhæð uppgreiðslu. Uppgreiðsluálag 15. nóvember 2045 er 1,0% af fjárhæð uppgreiðslu.
<b>Víkjandi ákvæði</b>	Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.
<b>Hlunnindi</b>	Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.
<b>Verðbréfamíðstöð</b>	Nasdaq verðbréfamíðstöð hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 24. maí 2019. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölnunar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,5% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf. sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 115.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 734.503. Að auki greiðir Lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK 21.250 fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur 0,00045% af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni.

Verðmæti seldra skuldabréfa miðað við sölugengi er alls ISK 395.396.816.

Að frádræginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar 394.662.313.

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 23. maí 2019 :



sem hefur til þess fullt umboð